

Reglur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar

Tilgangur reglna þessa er að skýra nánar þætti sem varða framkvæmd ársfundar, rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og stjórnarkosningar sem ekki er kveðið á um í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum sjóðsins, sem eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins, er m.a. kveðið á um boðun ársfundar, hverjir eiga rétt til setu á ársfundi, hvað ræður atkvæðamagni, heimildir til að gefa umboð og framboðsfrest í stjórn sjóðsins.

1. Óski sjóðfélagar eftir að bera upp mál eða tillögur á fundinum og styðjast við glærुकyningar eða sambærilegt efni, skal slíkt stuðningsefni sent framkvæmdastjóra sjóðsins rafrænt með góðum fyrirvara og ekki síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund.
2. Kjósi sjóðfélagi að veita öðrum einstaklingi umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn á ársfundi er mælst til þess að notast sé við form sjóðsins að umboði, sem finna má á vefsíðu sjóðsins.
3. Á sjóðfélagafundi er skilyrði þátttöku að sjóðfélagi sanni á sér deili með skilríkjum sem hefur að geyma nafn, kennitölu og mynd, svo sem útgefnu ökurskrteini, vegabréfi eða greiðslukorti. Geti starfsmenn sem sinna framkvæmd ársfundar sjálfir staðfest deili á sjóðfélagi er heimilt að hverfa frá framangreindri kröfu.
4. Í samræmi við heimild í samþykktum Frjálsa hefur stjórn ákveðið að kjör á aðalmönnum og varamönnum stjórnar skuli fara fram með rafrænum og skriflegum hætti. Skrifleg kosning aðalmanna og varamanna á ársfundinum sjálfum skal fara fram samtímis. Frambjóðandi sem hlýtur kosningu til aðmanns er ekki lengur kjörgengur til varamanns og skal í þeim tilvikum sá frambjóðandi sem fær næst flest atkvæði í kjöri varamanns hljóta kosningu í laust sæti o.s.frv.
5. Í samræmi við samþykktir Frjálsa skal framboð til stjórnar (aðalmenn og varamenn) tilkynnt sjóðnum með sannanlegum hætti a.m.k. 14 dögum fyrir ársfund. Framboð skulu berast rafrænt á netfangið arsfundur@frjalsi.is.
6. Rafræn kosning til stjórnar skal standa yfir í eina viku og lýkur kl. 12 á hádegi, daginn fyrir ársfund. Niðurstöður rafrænna kosninga verða sóttar samhliða talningu úr skriflegri kosningu á ársfundi. Við rafrænt stjórnarkjör er ekki heimilt að kjósa á grundvelli umboðs.
7. Sjóðfélagi, sem greitt hefur atkvæði með rafrænum hætti, hvort sem er í aðalstjórn, varastjórn eða hvort tveggja, getur ekki greitt atkvæði um stjórnarkjör á ársfundinum sjálfum. Til dæmis ef sjóðfélagi greiðir atkvæði með rafrænum hætti í aðalstjórn þá getur hann hvorki greitt atkvæði til aðalstjórnar né varastjórnar á ársfundinum sjálfum.
8. Frambjóðendum til stjórnar er óheimilt að vera með áróður á kjörstað. Frambjóðendur fá þrjár mínútur til að flytja framboðsræðu á fundinum í samræmi við auglýsta dagskrá. Ekki er heimilt að vera með glærुकyningar eða sambærilegt efni en allir frambjóðendur fá senda staðlaða glæru þar sem veittur er kostur á að fylla inn nánar tilgreindar upplýsingar. Frambjóðendum skal veitt tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um framboð sitt með þeim hætti sem þeir kjósa fyrir fundinn, sem skal sett fram í rafrænu pdf-skjali og/eða allt að þriggja mínútna löngu myndbandi. Kyningarefni verður birt á vefsíðu sjóðsins. Framangreindum gögnum þarf að skila eigi síðar en kl. 12 á hádegi á ársfundardegi.
9. Frambjóðendur til stjórnar skulu fylla út eyðublað sem er að finna á vefsíðu sjóðsins, frjalsi.is/arsfundur. Ásamt eyðublaði ber frambjóðendum að skila inn afriti af sakavottorði og búsföræðisvottorði. Búsföræðisvottorð má afla hjá héraðsdómstóli í því umdæmi þar sem frambjóðandi á lögheimili. Framangreind fylgigögn skulu ekki vera eldri en fjögurra vikna þegar þau berast. Stjórn yfirfer framboðstilkynningar og gætir þess að hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 séu uppfyllt.
10. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kys einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélaga til þess frambjóðanda. Kjósi sjóðfélagi fleiri frambjóðendur fá þeir einnig öll atkvæði sjóðfélagsins.

Samþykkt af stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 22. apríl 2022